

## 5 - 21/22 Fundur Kjaranefndar LEB 2.3.2022. Fjarfundur á Zoom


Mætt voru: Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Ásgerður Pálsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir og Jón Ragnar Björnsson. Einnig Helgi Pétursson og Steinunn Valdimarsdóttir. Jóna Ósk Guðjónsdóttir boðaði forföll.

Gestur fundarins var Benedikt Jóhannesson trygginga- og stærðfræðingur.

Þorbjörn setti fund, bauð fundarmenn velkomna og kynnti starf Benedikts.

### 1. Er eldra fólk sjálfbært?


Benedikt hefur rannsakað sjálfbærni eldra fólks fyrir lífeyrissjóðinn Birtu. Hann skýrði mál sitt með gröfum:



Heimild: Hagstofa Íslands, rsk.is og útreikningar Talnakönnunar.

Skattgreiðslur aldraðra hafa aukist sem hlutfall af heildinni undanfarin 30 ár.

## Mynd 2 Spá um hlutfall eftirlauna af launum landsmanna 2021-2070




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Vitað er að eldra fólk fer fjölgandi. Sumir óttast þá þróun og tala um „velferðarbyrði“. Á sama tíma hækkar launahlutfall 67+ umtalsvert. (Skattgreiðslur aldraðra hafa hækkað frá 1993 úr 8 í um 14% nú af heild). Benedikt heldur því fram að eldra fólk sé sjálfbært; það eru verðmæti í eldra fólk. Aldur er auðlind!

Allir aldurshópar þurfa þjónustu. Benedikt hefur ekki skoðað útgjaldahliðina s.s. sjúkrakostnað aldraðra.


Mynd 35: Skipting lífeyrisgreiðslna TR 1997-2019



Heimild: [rsk.is](http://rsk.is) og útreikningar Talmákonunnar.

Lífeyrisgreiðslur frá TR 1997-2019 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hlutfallið er með því lægsta sem þekkt. (Úr skýrslu Talmákonunnar fyrir Birtu lífeyrissjóð).

Mynd 36: Dróun ellilífeyrisgreiðslna TR/VLF 2019-2067 m.v. mismunandi forsendur



Heimild: Útreikningar Talmákonunnar.

Umræða hefur verið um að hækka eftirlaunaaldur úr 67 í 70 ára aldur eða halda honum óbreyttum og lækka eftirlaunagreiðslur. Meðalaldur fer hækkandi og má e.t.v. gera ráð fyrir að meðalaldur fólks sem er ungt í dag hækki um 4 - 5 ár.

2. LEB hefur ritað bréf (dags. 16.2.2022) til ASÍ, BSRB og BHM með ósk um samstarf í komandi kjarasamningum. Óskum LEB hefur verið vel tekið.

Rætt var um hverjar áherslur LEB ættu að vera. Verður það rætt nánar á næsta fundi kjaranefndar. Á að krefjast kerfisbreytinga? Hækkun á frítekjumarki í 100 þús. eða meira?

Reynt verður að fá Sigurð Guðmundsson, skipulagsfræðing á fund.

Nokkrir punktar:

Um 18000 manns eru á „fátæktarlínunni“

Lág laun, lágur lífeyrir.

Tekjusaga.is

Efling gaf út kjarufréttir. Stefán Ólafsson.

Þeir sem greiða 15,5% í lífeyrissjóð verða sjálfbærir. Brúa þarf 10-15 ára bil.

Eru aðrar baráttuaðferðir til sem geta skilað betri árangri í kjarabaráttu?

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jón Ragnar Björnsson